

## Sambýlisvandi trúaðra manna og guðlausra<sup>1</sup>

Við vitum ofur vel að sambýlisvandi trúaðra manna og trúlausra á sér langa og erfiða sögu. Það er ljóst að framan af hallar mjög á þá sem leyfðu sér að ganga af trúnni og gerast guðlausir menn. Þeir voru taldir stórhættulegir fyrir gott siðferði í samfélaginu og því mikil nauðsyn að þagga niður í þeim, ef ekki ofsækja þá með grimmd. Það er vissulega ekki ýkja langt síðan, varla fyrr en á sautjándu öld, að fyrst var hægt að lifa á stöku stað í Evrópu utan við öll trúfélög. Síðan dró úr þessum fjandskap með tilheyrandi lífsháska og þegar kemur fram á níttjándu öld er í Evrópu að minnsta kosti tekist á um trú og trúleysi einkum í orðum sem engan drepa. Óformlegt samkomulag breiðir úr sér um að menn séu sammála um að vera ósammála um trúmál — og þá um kristna trú og guðleysi.

Á síðustu öld kemur annað til í okkar álflu. Til verða hugmyndakerfi og valdkerfi sem eru beinlínis fjandsamleg guðstrú og þá kristindómi. Ég á við valdatíð einræðisherranna miklu, Stalíns og Hitlers, og þar með ofstopafulla þjóðernishyggju og alræðiskommúnisma. Þessum valdsherrum fylgdu harðar ofsóknir á hendur trúuðum, ekki síst þeim kristnu mönnum sem tóku trú sína svo alvarlega að þeir hlutu að komast upp á kant við valdhafana. Fleiri alræðisherrar koma við sögu sem ofsækja trúað fólk hver hjá sér: einna verst orð fer þá af Pol Pot í Kampútseu sem líklega lét drepa fleiri menn af eigin þjóð en nokkur annar hefur afrekað — og hér í álflu af Enver Hodsja í Albaníu sem stærði sig af því að hafa tekið fyrir alla guðsdýrkun í sínu landi, bæði íslamska og kristna.

Tími einræðisherranna leið hjá og aftur tóku menn til við að púkka undir friðsamlega sambúð á sviði lífsskoðana. Ég man ekki betur en hér á landi hafi þetta tekist bærilega — trúaðir menn og trúlausir hafa í stórum dráttum ekki haft verulegar áhyggjur af því að þeir væru ósammála. Trúleysingjum hefur vafalaust fundist að t.d. kristin þjóðkirkja væri of fyrirferðarmikil og nyti vafasamra friðinda í samfélaginu og trúaðir menn hafa haft áhyggjur af guðlausri veraldarhyggju — hér sem annars staðar. Samt hefur ríkt samsamlegur friður milli manna. En þessi friður hefur verið að slitna sundur, ekki síst með vaxandi beinum fjandskap í garð trúar eins og fram kemur í mjög útbreiddum ásökunum um skaðleg áhrif trúar í mannlegu félagi.

Þessum ásökunum fylgir einnig furðu mikil heift eins og hver sá getur séð sem skoðar það til dæmis sem fer á milli manna á netinu um þessi efni. Við könnumst við það að ýmsir herskáir guðleysingar, einkum í engilsaxneskum heimi, Richard Dawkins og fleiri, hafa skrifað metsölubækur um það meginstef að trú sé til ills eins — og þessi rit hafa kveikt í mörgum og ýtt af stað öflugri formælingaskriðu. Þá er það margítrekað að guðstrú sé höfuðuppspretta illdeilna, hryðjuverka og styrjalda. Trúmenn ljúgi að börnum og sakleysingjum, uppeldi í trú sé líkast til ávísun á laskaða heilastarfsemi, trúarbrögð eru jafnvel kölluð skipulögð glæpasamtök.

Margt af þessu á sér rætur langt aftur í sögunni. Hvort sem við lítum til trúar eða annarra lífsviðhorfa þá er það friðsemdarástand sem við kennum við umburðarlyndi raunar mjög

---

<sup>1</sup> Erindi flutt á vegum Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands 22. febrúar 2016.

ungt. Mennt hafa lengst af og langflestir þurft á því að halda að vera vissir í sinni sök og alls ekki kunnað þá list að efast. Niðurstaðan verður sú að ekki er pláss fyrir annan sannleika en okkar sannleika. Heimspekingurinn Isaiah Berlin segir á þá leið í fleiri en einni grein í ritinu *The Crooked Timber of Humanity* að það sé sjálfur kjarni vestrænnar hugsunarhefðar a.m.k. allt frá dögum Platós:

- að það sé aðeins eitt rétt svar til við öllum spurningum sem mark er á takandi, önnur svör hljóti að vera frávik frá sannleikanum,
- að það sé í raun hægt að finna hin réttu svör við slíkum spurningum (þótt ekki séu þau öll fundin enn),
- að þessi sönnu svör geti ekki rekist hvert á annars horn, þau geti ekki verið ósamrýmanleg hvert öðru.<sup>2</sup>

Af þessu leiðir að minn Guð hlýtur að vera betri en þinn, mín heimspekikennning eða mín vísindahyggja utan trúar betri en þín — vegna þess að sannleikurinn er aðeins einn og ef við sjálf höfum náð utan um hann þá séu aðrir á villigötum. Þeir sem ganga gegn sjálfum sannleikanum hljóti að vera skaðlegir siðferðinu eða framförunum og vísindunum. Umburðarlyndið er líka svo erfitt vegna þess að með því er gert ráð fyrir því að þeir sem hugsa allt öðruvísi en þú sjálfur hafi ýmislegt gott til mála að leggja; þar með hlýtur þú að viðurkenna eigin takmarkanir. Auk þess munu margir óttast að ef menn hætti sér út á ólgusjó nokkurra eða margra ólíkra svara við merkingum spurningum fari allt á flot í kolruglaðri afstæðishyggju og óvissu um rétt og rangt sem hægur vandi sé að nota til vafasamra hluta.

Þetta er öflug hefð sem ekki er auðvelt að skiljast við — þótt virðing fyrir ólíkum meisturum lista og bókmennta hafi hjálpað mörgum til að komast út fyrir svo þrönga sannleikstrú. En svo við tökum undir okkur stökk og nemum staðar við daglegt líf og áreiti á okkar dögum, þá skiptir það lygilega miklu máli fyrir hugarfar okkar og afstöðu hvernig fjölmiðlar vinna og virka og það kemur líka inn á það sem ég áður sagði: að það er svo þægilegt og auðvelt að búa við einn sannleika. Við fáum fréttir í fjölmiðlum til dæmis af átökum og styrjöldum og þær eru nær alltaf mjög einfaldaðar með það fyrir augum að viðtakendur fréttu séu með það á hreinu hverjir eru góðu gæjarnir í dæminu og hverjir þeir vondu og með hverjum sé rétt að halda. Fréttáflutningurinn hvetur menn jafnan til að draga þá ályktun í snatri að öll blóðug átök spretti af ágreiningi milli trúarhópa eða þjóðabrota. Sem sagt: trú er af hinu illa, þjóðernisvitund líka. Best að vera laus við hvorttveggja. Það sem kemst ekki að er þetta: þegar að er gáð er sjaldnast tekist á um það hverju menn trúa. Þjóðernishyggjan er til dæmis miklu líklegri til háskalegra áhrifa, þótt ekki sé hún eins sek og margir halda. Gáum að því að fyrrnefndar skýringar á illum tíðindum fela einatt það grimma valdatafl stórvelda og hagsmunastríð auðhringa sem koma mjög við sögu í hverju stríði. En svona virkar fjölmiðlaheimurinn. Hann vekur sterk viðbrögð nú og hér og ryður öðru til hliðar. Fjölmiðlanotendur eru taldir vilja og þurfa grófar einfaldanir. Dæmi man ég frá Bosnía þar sem grimmar þjóðahreinsanir áttu sér stað og ekki stóð á því að bæði pólitískir foringjar og klerkar múslima, rétttrúaðra og kapólskra yrðu sér til margfaldrar skammar. Starfsmaður SP var að sýna sjónvarpsmönnum frá Bandaríkjunum og Kanada vegsummerki um hörmungar í Bosnía. Fyrst sýndi hann þeim múslímaþorp sem Serbar höfðu brennt. Síðan ætlaði hann að sýna þeim serbneskt þorp sem múslímar höfðu brennt. Neinei, sögðu hinir frjálsum fréttamenn: Til hvers? Það verður of flókið.

---

<sup>2</sup> Isaiah Berlin, *The Crooked Timber of Humanity: Chapters in the History of Ideas*, New York: Vintage Books, 1992, bls. 209.

Það skyldi vera alveg á hreinu hverjir væru sökudólgar, samsekt beggja var talin of erfið fyrir almenning.

Ég nem staðar við spurningar sem varða átök og blóðsúthellingar því að ekkert er algengara í tali þeirra sem hafa hátt um skaðsemi trúarbragða en að segja: Stríð eru trúarbrögðum að kenna. Kannski segja menn hiklaust: Ef þau væru ekki þá væri ekkert stríð. Þetta er rangt. Trú manna kom að vísu mikið við sögu styrjalda í Evrópu fyrr á öldum, en án þess að ég fari út í það nánar hér og nú réðu valdpólitískir þættir miklu meira um stríð og frið en nokkurn tíma fjandskapur milli mótmælenda og kaþólikka. Helstu styrjaldir síðustu 200 ára koma trú manna ekkert við, gáum að því: ekki Napóleónsstyrjaldirnar í upphafi nítjándu aldar, ekki tvær miklar heimsstyrjaldir á síðastliðinni öld. Þá var tekist á um forræði í Evrópu, yfirráð á heimshöfum, vald yfir viðskiptum og auðlindum. Hitt er svo víst að þegar samfélög og ríki eru í hættu grípa valdhafar til allra ráða til að hressa upp á mórallinn hjá þegnum sínum. Á stríðstímum er allt notað til að efla samstöðu gegn utanaðkomandi háska: kirkjan, trúin og sagan, þjóðernið og tungumálið, verk bestu skálda og tónsmíða, hvað sem vera skal. Meira að segja harður guðleysingi og kirkjubrjótur eins og Stalín samdi eins konar frið við rússnesku kirkjuna þegar Hitler réðst á hið rússneska föðurland árið 1941.

Trú manna er afar sjaldan marktæk ástæða fyrir því að styrjöld brýst út. En það má að sjálfsögðu ásaka klerka og ýmis trúfélög fyrir það að á stríðstímum gleymi þeir þeim friðarboðskap sem finna má í helstu trúarbrögðum mannkyns, ekki síst kristindómi. Þeir, eins og aðrir, gera sig seka um að ánetjast áróðri eigin valdhafa um að Okkar málstaður sé réttur og því megi telja víst að Guð sjálfur standi með Okkar hermönnum í kúlnahríðinni. Við getum og eigum að hneykslast á því að fylgi menn ekki eftir fyrirheitum um til dæmis kristilegan friðarboðskap þegar á reynir. En það eru engin söguleg rök fyrir því að friður styrkist við að Guð sé settur út úr sögunni. Ef við tökum þrjú nýleg dæmi af skelfilegu blóðbaði innan ríkja þá eru þau ekki trúaráttökum að kenna. Sómalía er land þar sem allir berjast gegn öllum og allir eru múslímar. Í Rúanda, þar sem Hútúar drápu 700 þúsund Tútsa, voru flestallir kaþólskir að heita. Í Kampútseu ætluðu guðlausir Rauðir khmerar að skapa nýja menn með grimmu ofbeldi sem m.a. bannaði alla trúariðkun — og drápu um fjórðung eigin þjóðar.

Með þessari upprifjun er vissulega mælt með því sem sjálfsagt er: að menn skoði af sem bestri þekkingu útbreiddar en vafasamar alhæfingar — hér alhæfingar um trúarbrögð sem orsök styrjalda. Menn geta vonað að traust þekking sé vopn gegn illa grunduðu hatri og heift. En slík þekking er ekki alltaf auðfundin né óumdeilanleg. Menn geta sagt: gott og vel: trú manna skipti ekki máli í helstu styrjöldum liðinnar aldar — en hvað um síðustu fréttir? Fréttir af herskáu íslam sem boðar heilagt stríð gegn vantrúuðum eða illa trúuðum? Fréttir af ótrúlega útbreiddu fylgi við sjaríalög sem ganga þvert á mannréttindahugmyndir okkar tíma? Sem og fréttir af öðrum „fúndamentalisma“ — m.a. í öflugasta ríki heims, Bandaríkjunum, sem mörgum finnst einnig tilræði við skynsemi og réttsýni?

Fúndamentalisminn (sem menn kenna við bókstafstrú, öfgar eða trúarhita mikinn) skiptir reyndar miklu máli í þessari umræðu allri. Friðsamleg sambúð trúaðra og vantrúaðra — í okkar heimshluta að minnsta kosti — tengdist því meðal annars að vantrúaðir voru svo vissir um sigurgöngu skynsemi og vísindahyggju að trúarbrögð hlytu að skreppa saman af sjálfu sér og yfirgefa sviðið og verða engum framar til meins eða trafala. Því hrukku veraldarhyggjumenn upp við vondan draum þegar trúin fór að láta í ríkum mæli að sér kveða í formi fúndamentalisma — sem er að vísu ekki nærri alltaf tengdur við ofbeldi en er næsta herskár samt og oft mjög hatursfullur. Í fróðlegu riti um fúndamentalisma, *The Battle*

*for God*, rekur Karen Armstrong það hvernig fúndamentalistar hér og þar náðu vopnum sínum eina ferðina enn seint á áttunda áratug síðustu aldar, risu upp, hver með sínum hætti, gegn forræði veraldarhyggjunnar sem þeir óttuðust að myndi ganga af guðstrú dauðri eða gera trúaða menn áhrifalaus. Þeir líta gjarna svo á að þetta sé engin venjuleg pólitísk barátta heldur kosmískt stríð upp á líf og dauða milli afla hins góða og hins illa.<sup>3</sup>

Það er athyglisvert að fúndamentalismi byrjar yfirleitt ekki að búa um sig í átökum við aðra trú eða trúleysi heldur í baráttu við þá menn í eigin röðum sem fúndamentalistum finnst hafa gengið of langt í málamiðlunum við öfl veraldarhyggjunnar. Kannski byrja slíkar hreyfingar á því að menn reyna að einangra sig frá öllum skaðlegum áhrifum, búa sér til eins konar vin rétttrúaðra í eyðimörk guðleysis í sérstökum söfnuðum, biblíuskólum, kóran-skólum, einangruðum sambýlum trúaðra. Reyna svo að halda velli með því að vekja aftur til lífs að eigin vali ýmislegt úr trúardogmu og praxís liðinna tíma (vígörðið er þá: við skulum lifa eins og forfedurnir). Samt láta margir fúndamentalistar ekki við það sitja að vera ópraktískir draumóramenn, þeir hafa lært sitt af hverju af nútímaaðferðum pólitískra hreyfinga og nota sinn „grundvöll“, sín fúndament, til að skapa, undir forystu karismatískra foringja, hugmyndafræði sem býr til athafnaplan um að snúa vörn í sókn í trúlitlum heimi og endurheimta einhverja gullöld trúarinnar sem þeir fegra og mikla fyrir sér.

Sem fyrr segir: þessar hreyfingar nærast á ótta og reiði manna sem telja sig ofsótta af veraldlegu valdi sem annaðhvort reyni að þoka guðstrú burt úr samfélaginu (eins og fúndamentalistar á Vesturlöndum telja sig sæta) eða beinlínis koma á andtrúarlegum síðum og praxís með ofbeldi — eins og gerðist ekki síst í íslömskum ríkjum (undir hrammi Kemals Atatürk í Tyrklandi, Nassers í Egyptalandi og Íranskeisara). Eins og búast má við reynist fúndamentalisminn öflugastur og róttækastur þar sem slíku ofbeldi var í raun og veru beitt — eða þá þar sem salafismi/wahabismi var svo öflugur fyrir að hann gat reist háa múra um rétttrúnaðinn eins og gert var í Sádi-Arabíu. Að sínu leyti hafa sekúlaristar, veraldarhyggjumenn, orðið herskárri en þeir áður voru vegna framgangs fúndamentalisma, hvort heldur sem hann brýst fram í hinu pólitíska íslam eða í viðleitni t.d. bandarískra bókstafshyggjumanna til að seilast til beinna áhrifa á stjórnmálum og hamast gegn femínisma, samkynhneigðum sem og Darwin og þróunarkenningu hans.

Allt þetta þýðir að skörp skil verða víða milli þeirra sem rekja helstu meinsemdir samfélagsins til þess að trúnni hnignar og hinna sem telja það höfuðnaðsyn að losa sem flesta undan fargi trúar — og losna þá ekki bara við heittrúaða heldur og þá hálfvolgu trúmenn sem reyni að gera guðstrú sémilega virðingarverða. Viðhorf umburðarlyndis hörfa fyrir beiskju og hefndarþorsta. Það sem er heilagt og jákvætt í einum herbúðum er gert djöfullegt og geðveikt í hinum.

Það er ómaksins vert að minna á að í hvorum tveggja herbúðunum er ekki aðeins brugðist við trú og trúleysi heldur því einnig að í heiminum er yfrið nóg um vonbrigði og vonleysi. Mörgum finnst að trú feðranna hafi brugðist, hefðbundin veraldleg pólitík einnig, framfaratrúin fals eitt, hnattvæðing leiki marga grátt, efnahagslegt ranglæti magnist. Þess vegna hafa ýmsir menn bent á hliðstæður milli t.d. þeirra ungu manna sem nú setja traust sitt á Íslamska ríkið og hryðjuverk í nafni Allah og þeirra sem tóku sig út úr uppreisn æskunnar á Vesturlöndum um og eftir 1970 og settu einnig traust sitt á skæruhernað og hryðjuverk, í von um að geta með þeim hrundið af stað framvindu sem að minnsta kosti gæfi lífi þeirra takmark

<sup>3</sup> Karen Armstrong, *The Battle for God, Fundamentalism in Judaism, Christianity and Islam*, London: HarperCollins, 2001, bls. 278–313.

og tilgang og kæmi fram hefndum á „kerfinu“, á þeim öflum og mönnum sem löndum og þegnum ráða. „Jihad er Rauðu herdeildirnar í dag“, segir þekktur þýskur pistlahöfundur, Jan Fleischhauer.

Fúndamentalismi felst m.a. í því að leita að einföldum svörum við bágu ástandi heimsins og í því efni er nóg um hliðstæður milli trúarhópa nú og borgarskæruliða um 1970. Einnig þá leitaði ungt fólk að sterkri samstöðu, að athvarfi eða heimkynnum í sannfærðum hópi rétt hugsandi. Þessi hliðstæða hér kemur mjög greinilega fram: heimurinn er illa á sig kominn vegna guðleysis, heimurinn er í hörmulegu standi vegna ríkjandi efnahagskerfis, þ.e.a.s. kapítalismans. Í báðum dæmum er athygli beint að nauðsyn grimmrar baráttu við hóp sem talinn er bera ábyrgð á hörmungum tímans: guðleysingjar og vantrúaðir nú, kapítalistar og vestrænir heimsvaldasinnar þá. Um leið er öðrum hópi hampað sem muni kippa öllu í lag: sannt trúuðum íslamistum nú, rétt hugsandi og starfandi byltingarsinum þá. Sameiginleg trúarþörf fyrir skýr og einföld svör blasir við í báðum dæmum: Afnemið einka eignarrétt á framleiðslutækjum og allt annað mun yður gefast, sögðu unglingarnir róttæku, nú er sagt: hlýðið boðum Allah eins og Múhamed heyrði þau og við fáum aftur bestu hugsanlegu skipan mála.

Vitaskuld er mikill munur á hryðjuverkum nú og þá: borgarskæruliðar kusu að taka í gíslingu eða drepa einstaka áberandi fulltrúa „kerfisins“, en íslamistar nú í dag eru til í að drepa hvern sem er sem í vegi fyrir þeim stendur. Eitthvað mikilsvert eiga þessir hópar þó sameiginlegt sem gengur þvert á skiptingu í trúaða og heiðna róttæklinga: m.ö.o. draum áhrifalausra og reiðra ungra manna um að gerast hluti af einhverju mikilfenglegu ævintýri, taka þátt í uppreisninni stórkostlegu. Sem og annað: í hinum vopnuðu sveitum sjálfum eru kannski ekki mjög margir einstaklingar, en þær nutu þá og njóta nú ótrúlega mikils stuðnings og samþykkis úti um samfélögin. Rote Armee Fraktion í Þýsklandi og Brigade Rosse á Ítalíu áttu sér öflug stuðningsnet. Áður en Isis lét til skarar skriða með manndrápum í Frakklandi sýndu kannanir að 24% ungra Frakka á aldrinum 18–25 ára voru jákvæðir í garð Isis. Múslimar eru ekki nema 7–8 % Frakka svo að þarna var mikinn fjöldi ungra franskra heimamanna einnig að finna.

Svo er annað. Menn taka óhjákvæmilega eftir því í fréttum að íslam er trú langflesti þeirra sem stunda hryðjuverk í nafni trúar nú til dags, þeirra sem ganga til liðs við Isis, Boko Haram, Al Qaeda og skyld samtök. Allmargir aðrir „einmana úlfar“ sem drepa mann og annan eru kannski komnir úr kristnum heimi, en hafa ekki trúarlegar hugmyndir að vopni heldur eru annaðhvort rasistar eða vansælir menn að hefna eigin vanmáttar og útskúfunar sem þeir skynja svo. Það skiptir og máli að til liðs við Isis eitt saman hafa komið tugir þúsunda og tekið upp vopn eða margfalt fleiri en t.d. „veraldlegir“ borgarskæruliðar voru í Þýskalandi og á Ítalíu á sínum tíma. Þá vaknar þessi spurning: Er íslam sérlega áleitnið dæmi um þá skaðsemi trúarbragða sem vantrúaðir halda mjög á lofti? Næst er að spyrja hreint út: Er íslam þá verri trú en t.d. kristni eða búddismi? Hefur hún einhverja sérlega slæma galla sem slík?

Menn vilja helst ekki svara slíkri spurningu játandi, vegna þess að þeir vita að þar með geta þeir magnað fordóma og hatur í garð þess mikla fjölda múslíma sem er vissulega saklaus af illum verkum. Með því gætu þeir lent á næsta bæ við hálfgerða eða algjöra fasista og rasista sem vilja túlka nærveru múslíma sem skelfilegustu ógnun við Evrópu alla. Ýmsir vantrúarmenn segja kannski um þetta: slæmt er íslam en allt er þetta eins þetta trúarrúgl. En jafnvel svo þekktur og um margt herskár áþeisti sem Richard Dawkins hefur nýlega tekið undir með þeim sem vilja vara sérstaklega við einmitt íslam. Hann segir á þá leið að þótt

hann mæli með því að áhrif trúarbragða skreppi saman geti hann ekki stillt sig um að hugsa að kannski geti kristindómur verið vörn gegn einhverju sem er mun verra. Að minnsta kosti þekki hann ekki til kristinna hreyfinga eða safnaða sem boði morð á öðruvísi hugsandi fólki eins og gert er í ýmsum íslömskum hreyfingum.

Maður tekur eftir því að margir kristnir menn veigra sér við að fjalla um það sem vera kann illt í kenningu og nútímapraxis í íslam, ekki síst vegna þess að menn vilja treysta því að trú á þann Guð sem abrahamísk trúarbrögð eiga sameiginlegan hljóti eða skuli vera til góðs fyrst og fremst. Því taka margir undir málflutning íslamskra fræðimanna og trúvarnarmanna sem kunna lærðar afsakanir á ýmsu sem orka kann tvímælis og varðar t.d. afstöðu trúaðra til ofbeldis. Þá er jihad ekki „heilagt stríð“ heldur fyrst og fremst túlkað sem barátta hvers og eins fyrir rétttri breytni. Eða þá að menn kjósa að afgreiða mikinn vanda með því að segja sem svo: í öllum trúm og lífsskoðunum eru til örfáir ofstopamenn sem afskræma boðskapinn og falsa hann sér í hag. Þetta er að nokkru leyti rétt, en svarar því ekki samt hvers vegna mjög forneskjuleg viðhorf til refsinga, til kvenna og svo til ofbeldis í þágu trúar ráða svo miklu í heimi íslams sem raun ber vitni. Það er mikil einföldun að tala um „örfáa öfgamenn“ þegar upp rís öflug hreyfing eins og Isis sem stundar sömu túlkun eða svipaða á íslam og er ríkispolítík í stórum og öflugum íslömskum ríkjum eins og Sáði-Arabíu og Íran.

Ég vík síðar að því að í deilum um þessi mál er best að hver og einn stundi sjálfsgagnrýni: best er að trúlausir, kristnir og múslímar líti fyrst í eigin barm þegar spurt er um mildi og mannréttindi. En þá kemur upp þessi vandi: málfrelsi er svo skert í mörgum múslímasamfélögum að þeim fræðimönnum og menntamönnum trúarinnar sem vilja reyna umbætur og endurskoðun er þar ekki vært. Vilji þeir reyna að skoða t.d. Kóraninn og hajdit — viðurkenndar sagnir af spámanninum — með sams konar aðferðum og bíblíurannsakendur hafa um allanga hríð stundað þá er eins víst að þeim sé hótad með lífláti ef þeir snúa ekki frá slíkri villu. Það er einnig í lögum hér og þar í íslamsríkjum að þeir sem ganga af rétttri trú séu rétttræpir. Þetta er snúið. Menn geta stillt sig um að halda því fram við múslíma að „okkar trú“ sé betri en ykkar, því að það gerir stírða sambúð aðeins verri. En ef menn ásetja sér, sem eðlilegt er, að reyna að þekkja sem best þessa trú sem aðrar þá eru menn í vanda staddir.

Ég tek dæmi af sjálfum mér. Ég hefi nýverið kynnt mér tvö rit um íslam og þau stefna hvort í sína átt. Annað er eftir Karen Armstrong, fyrrum kaþólska nunnu sem aðhyllist fyrst og fremst þann skilning að trú sé til góðs og öll helstu trúarbrögð nokkuð svipuð. Hún dregur nær eingöngu fram þau dæmi úr helgiritum og sögu sem gefa mjög jákvæða mynd af íslam — hvort sem um er að ræða kvenréttindi, stríð og frið eða afstöðu til vantrúaðra. Hitt ritið er eftir Hamed Abdel-Samad, egypskan fræðimann, sem sjálfur er sonur prests eða ímams og fyrrum íslamisti en hefur sagt skilið við trúna og býr og starfar í Þýskalandi. Hans rit um Múhamed dregur fram aðra mynd og mun grimmari. Lítið dæmi: Karen Armstrong segir að íslam sé mjög jákvæð trú fyrir konur, Abdel-Samad segir að Múhamed hafi gert hlut kvenna í Arabíu verri en var fyrir hans daga.<sup>4</sup>

Abdel-Samad leggur höfuðáherslu á geypilega þversögn sem tengist því að bæði umbótasinnnaðir og mildir múslímar og þeir „ofstækisfullu“ geti fundið fullt af ritningargreinum eða súrurum úr Kóraninum og í hajdit máli sínu til stuðnings, enda sé allt annar tónn í þeim súrurum

<sup>4</sup> Karen Armstrong, *Islam*, New York: Modern Library, 2002, bls. 16. Hamed Abdel-Samad, *Mohamed: Eine Abrechnung*, München: Droemer, 2015, bls. 136–137.

sem tengjast frumboðskap Múhameðs meðan hann predikaði yfir lýðnum í Mekka og þeim Múhameð sem náði völdum í Medína og stóð í áttatíu styrjöldum til að sameina arabískar ættkvíslir undir sinni forystu og trú. Vandinn sé svo sá, að þeir „hófsömu“ standi mjög höllum fæti vegna þess að hvorir tveggja telja sig þurfa að byggja á þeirri meginhefð að allt sem haft er eftir Múhameð sé beint úr Guðs munni og því synd og glæpur að efast um það og reyna að laga boðskapinn að nýjum tímum. Enda er önnur öflug hefð fyrir því að taka mið af þeirri súru þar sem Múhameð segir við fylgismenn sína: Þið hafið búið til besta samfélag sem menn hafa þekkt — sem þýðir þá að allt er varðar lög og reglur um sambýli fólks á helst að vera eins og á dögum spámannsins í Arabíu á sjöundu öld.

Það eru til kóranvers sem hvetja til miskunnsemi og umburðarlyndis og kóranvers sem hvetja til að drepa vantrúaða og alla sem af vegi villast. Það þýðir, segir þessi egypski prestssonur, lítið að deila um það hvorir hafa rétt fyrir sér — þeir sem sjá í Kóraninum friðar-ráðgjöf eða þeir sem sjá þar hvatningu til að útrýma allri rangri trú. Meðan Kóraninn er talinn hraðritun á vilja Guðs um allan aldur er ógerningur að fá úr þessu skorið. Umbætur, segir hann, verða ekki í alvöru fyrr en múslímar sættast á að líta á Kóraninn sem mennskt skjal: „Fúndamentalismi og einsýni eru ekki afleiðing af því að menn túlki textann rangt heldur af því að textanum hefur verið lyft hátt upp yfir alla gagnrýna skoðun. Umbætur á hugsanagangi byrja þá fyrst þegar múslímar sjálfir dirfast að hleypa Múhameð út úr fangabúri ósnertanleikans og leyfa honum að vera maður.“<sup>5</sup>

Hvað getum við sagt sem stöndum utan við einmitt þessa trúarhefð og getum hæglega farið vill vegar í okkar skilningi? Ég nefni dæmi. Hingað kom á ráðstefnu egypsk kona, lækni, minnir mig, sem sagði frá erfiðri baráttu sjálfrar sín til menntunar og var síðan spurð um bágð ástand kvenréttinda í löndum íslams. Hún vildi auðheyrilega ekki láta festa sig um of við þessa spurningu og svaraði: „Það er nú svo að öll trúarbrögð eru hræðileg gagnvart konum.“ Sem sagt: þau eru öll eins. Það er varla rétt en það sem mestu skiptir í þessu samhengi er þetta: Öll meiriháttar trúarbrögð urðu til fyrir mörgum öldum í samfélögum sem eru óralangt frá hugmyndum og kröfum okkar tíma um mannréttindi. Þá var alls staðar gert ráð fyrir þrælshaldi — þótt ýmsir trúarhöfðingjar hafi lagt áherslu á góða meðferð á þrælum og möguleika á að gefa þeim frelsi. Kvenréttindi voru mjög í skötulíki — bæði í heiðnum sið og eingyðissíð. Þetta er sá tími þegar fjölskylduféður áttu konur sínar og börn sem hvern annan búpening og ráðskuðust með þau að vild rétt eins og höfðingjar ráðskuðust með þá sjálfa. Spurningin er þessi: Hvernig hefur sá boðskapur sem lagt var af stað með, hvort heldur hann er hafður eftir Búdda, Kristi eða Múhameð, reynst til góðra hluta? Hvernig hefur hann mótað menningu og siði til lengri tíma? Var hann þá þegar skref fram á við og geymdi eitthvað í sér sem síðar skilaði sér í afnámi þrælshalds, betri stöðu kvenna? Eða gekk hann of skammt, rann hann kannski svo rækilega saman við þarfir valdhafa í hverju samfélagi að trúarstofnanir urðu í reynd málsvari og virki hins óbreytta ástands?

Snúum okkur aftur að sambúðarvanda trúaðra og guðlausra. Við lítum yfir sviðið og sjá: Við getum boðað þekkingu og samræður og varfærni í alhæfingum til að bæta þessa sambúð, en fyrr og síðar eru ótrúlega margir lentir í skotgröfum og vilja helst vera þar. Trúleysingar mikla fyrir sér syndir trúaðra manna, ekki síst þær sem tengjast vafasömu bandalagi ýmissa kirkna og trúfélaga við illa valdhafa fyrr og síðar. Trúaðir menn benda svo í aðra átt: til dæmis á jákvæð áhrif kristinnar trúar á mannréttindamál og frið, bæði þegar unnið var að því að afnema þrælshald og svo síðar þegar barist var gegn kynþáttakúgun

<sup>5</sup> Sama rit, bls. 218–219.

bæði í Bandaríkjunum og Suður-Afríku. Menn eiga svo ofurauðvelt með að mikla fyrir sér það sem þeirra samherjar hafa vel gert en finna öðrum flest til foráttu. Gáum að því að það er alltaf af meira en nógu að taka. Menn geta bent á ágæt dæmi til dæmis um það að kristin kirkja hafi eftt menntun og vísindi — og líka um það að hennar menn hafi unnið gegn vísindalegum framförum á tilteknum sviðum. Við getum lofað trúlausa vísindahyggju fyrir mörg afrek og líka sakað vísindamenn um það siðleysi að firra sig ábyrgð á afleiðingum vísindalegra uppgötvana, til dæmis þeim sem koma fram í kjarnorkuvígbúnaði eða efnavopnagerð. Við getum bent á að t.d. kynþáttahyggja nasista sé ein möguleg afleiðing svokallaðs félagslegs darvínisma. Við getum lofað veraldlegar róttækar hreyfingar sem vilja berjast gegn kúgun og arðráni og við getum hneykslast á úrkynjun þessara sömu hreyfinga þegar byltingarnar pólitísku leiða til nýrra skerðinga mannréttinda eða mikilla mannfórna — eins og gerðist í Sovétríkjum Stalíns, í Kína Maós formanns og víðar.

Þessi skotgrafahernaður er vissulega tengdur þeirri freku einstaklingshyggju sem herjar á flesta menn, einstaklingshyggju sem krefst þess að ÉG hafi rétt fyrir mér en ekki hinir bjánarnir. Þessi hugsunarháttur er um leið tengdur við þá arfleifð sem ég gat um í fyrstu: að sannleikurinn hljóti að vera einn. Hún er líka tengd valdabaráttu: Sá sem er viss um að hann sé sannleikans megin vill stytta sér leið til að ráða yfir öðrum og hugsunarhætti þeirra, bæði beint og óbeint. Hann vill ekki gera sér lífið erfiðara með því að hleypa að sjálfum sér bæði vissri efahyggju um eigin sannleika og virðingu fyrir sjónarmiðum annarra. Því er hætt við því að hann forherði sig í afneitun á því sem miður fer hjá honum sjálfum og í heift í garð allra þeirra sem hugsa á annan veg en hann.

Heiftin í garð annarra getur alltaf fundið sér nóga næringu. Við getum alltaf bent á ofbeldi, rangsleitni, mismunun og Guð má vita hvað í öllum menningarheimum — hvort sem þessir heimur eru kenndir við kristindóm, íslam, markaðshyggju eða kommúnisma. Ég er með slíkum orðum ekki að segja að öll trú sé eins eða allt guðleysi eins. Ég vil aðeins benda á að við megum ekki taka neinu sem gefnu sem við rekumst á í fjölmiðlaheimi eða í opinberri umræðu. Við þurfum fyrst og síðast að venja okkur á að reyna að komast á bak við yfirborðið í hverju máli, eins og ég hefi verið að ýja að í þessu spjalli, sneiða með því móti sem lengst frá þeim einföldunum og þeirri fáfræði sem freistar manna til að fella í snatri harða dóma um allt sem þeim er ekki að skapi. Annars sitjum við uppi með ófrjóan samanburð á illsku og fólsku hér og þar: Vondur er margur og verri en ég, segir í kvæðinu. Menn komast ekki mikið áfram með því að telja það upp sem trúmenn eða guðleysingar hafa verst gert — allt eftir því hvar þeir standa sjálfir. En mönnum getur miðað í rétta átt með því að snúa spurningum um rétta eða góða breytni alltaf fyrst að sjálfum sér og sínum mönnum. Þeirra ræða sé þá á þessa leið: Ef markmið okkar er velferð og mannréttindi og réttlæti — hvernig standa ég og mínir menn sig einmitt í þeim bardaga. Sjálfsskoðun og sjálfsgagnrýni er okkar skásti kostur.

Við vitum að menn deila og munu deila um það hvort það sé gott eða vont að trúa. Eða um það hvort guðleysi sé háskalegt eða ekki. Ég minni þá á vantrúaða menn sem segja gjarna: Það þarf ekki trú til að menn láti gott af sér leiða. Hins vegar minni ég á trúmenn sem segja: Það er fyrst og fremst trú sem mótað hefur margar kynslóðir sem þokar mönnum í þá átt að þeir komi vel fram við náunga sinn. Sumir þeirra segja líka: Án Guðs er hinu illa sleppt lausu. Eða eins og rússneski skáldjöfurinn Dostojevskij segir: „Ef Guð er ekki til þá er allt leyfilegt.“ Við getum fúslega viðurkennt að báðar fylkingar hafi nokkuð til síns máls. Hver stór staðhæfing er bæði sönn og ósönn, segir annað rússneskt stórskáld, Lev Tolstoj.



Það skiptir ekki mestu að hver og einn hafi nokkuð til síns máls. Það er heldur ekki fyrir öllu að við viðurkennum mildandi áhrif efahyggjunnar — því að efinn, þótt nauðsynlegur sé í vissum mæli, getur líka lamað allan vilja til athafnar. Brýnast er að spyrja: Hvað jákvætt getum við gert til að sanna mál okkar? Enginn getur sannað endanlega hinstu rök trúaðra eða trúleysingja. Enginn getur sannað með rökhyggju eða vísindum að Guð sé til eða hann sé alls ekki til. En ef vel tekst til geta trúmenn og trúlausir menn keppt sín í milli um það hvorir hafi á réttu að standa — með því að láta gott að sér leiða. Við getum tekið mið af orðum helgrar bókar: „Sýn mér trú þína af verkunum“ (sbr. Jak 2.18) — hvort heldur þú treystir á Guð eða veraldlega hugsjón.

Ég hefi í þessu spjalli mestan part talað um áhrif trúar á sambýli manna í heiminum en sleppt því að tala um trúarlíf einstaklinga. En við vitum að þegar allt kemur til alls sprettur trú ekki síst af persónulegri þörf manna fyrir von, fyrir grundvallartraust á tilverunni, fyrir jákvæðan tilgang í heldur nóturlegum heimi. Bandarískur heimspekingur sem reyndar taldi sig guðleysingja, Richard Rorty, segir á þá leið að ást, von og trú séu allt „ásetningsástand“.<sup>6</sup> Með öðrum orðum: Maður velur ástina, vonina eða trúna, hvað sem vonbrigðum og erfiðleikum og efasemdum líður og maður þarf ekki að réttlæta sitt val. Það þarf enginn að réttlæta ástina þótt hann eða aðrir hafi orðið fyrir vonbrigðum í ástum. Enginn þarf að réttlæta það að velja trú þótt hann hafi að öllum líkindum orðið fyrir ýmsum vonbrigðum með Guð afa og ömmu sem hann þekkti sem barn. Allt þetta getur leyft trúðum manni að segja við sjálfan sig: Það er gott að trúa og mikill missir að glata trúnni.

Þetta snýr fyrst og fremst að hverjum einstaklingi og þeir eru og verða margir sem hvorki vilja né geta hugsað á þessa leið. Þeir hafa með einhverjum hætti safnað reynslu sem segir þeim að trú sé í besta falli tálsýn og sjálfsblekking. Mönnum sem trúa og trúa vilja finnst það kannski illt að heyra eða a.m.k. dapurlegt. Ef til vill langar þá til að ræða þau mál í góðum friði við vantrúaða vini og kunningja og allt er gott um það að segja. Það er margt ágætt sem getur út úr því komið. Það segi ég af eigin reynslu, því að snemma á níunda áratugnum tók ég sjálfur þátt í samræðukvöldum guðfræðinga og marxista og ég held að við höfum lært ýmislegt hverjir af öðrum, ekki síst vegna þess að allir settust til borðs með kurteisi og höfðu til að bera einlæga forvitni um það hvað „hinir“ höfðu fram að færa, hvort heldur menn fjölluðu um firringu eða synd, um félagslegt fagnaðarerindi í orðum Krists eða um veraldleg áform og vonir um skárri samfélag.

Mér sýnist að það sem kalla má góða eða jákvæða trúarbaráttu á okkar dögum hljóti einkum að tengjast þeim samfélagslegu áhrifum trúar sem ég áður nefndi og varða okkur mjög miklu á tímum óendanlegs framboðs af trúarlegum hugmyndum og lífsskoðunum.

Trúarbarátta er þá einna helst það að sýna í verki að það sé gott að trúa; að hver og einn standi við það sem er skást í hans eigin trú eða grundvallarlífsskoðun; að það sé gott að eiga það grundvallartraust á tilverunni sem með öðru hvetur menn til að taka sér stöðu með þeim „minnst virtu“ í þessum heimi; að menn geri trúna að stefnu sem sálin tekur til góðra hluta. Um leið leitist menn að koma í veg fyrir það að þeirra eigin trú eða lífsskoðun leiði þá inn á hæpnar brautir oflætis, hroka eða sjálfumgleði.

Þeir sem eru fæddir til kristindóms og vilja halda tryggð við hann eru um margt vel settir, hvað sem líður raunalegri sögu allrar mannglegrar viðleitni. Þeir hafa hið kristna fordæmi. Ég man að sá þekkti lækni, tónlistarmaður og trúboði Albert Schweizer sagði að það væri rangt að segja að fordæmið sem menn sýndu öðrum með framgöngu sinni í heiminum skipti

<sup>6</sup> Richard Rorty, *Philosophy and Social Hope*, London: Penguin, 1999, bls. 154.

miklu máli. Það skipti öllu máli, sagði hann. Undir þetta tekur í raun fyrrnefndur heim-  
spekingur, Richard Rorty, vinstriinnáður og guðlaus. Hann segir í ritinu *Philosophy and Social  
Hope* að „við verðum að ala börn okkar upp þannig að þeim finnist ranglæti og himinhróp-  
andi misskipting lífsins gæða óþolandi“. Og þessi guðleysingi vill sjá í boðskap Krists um  
bræðralag manna góða liðveislu. Börn okkar, segir hann „ættu að læra bæði sögur um kristna  
menn sem saman komu í katakombum og um baráttufundi verkamanna á torgum borga.  
En hvorttveggja hefur skipt máli á hinu langa ferli, á göngunni löngu til þess markmiðs að  
gera siðferðlega hæfileika okkar að virku afli í tilverunni.“<sup>7</sup>

---

<sup>7</sup> Sama rit, bls. 201–209.